

Eftirfarandi tillögur eru lagðar fyrir aðalfund NBI hf. fyrir árið 2009 þann 30. apríl 2010:

Í samræmi við lið 3 í dagskrá aðalfundar

Ályktun aðalfundar NBI hf. hinn 30. apríl 2010:

Meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2009

Hagnaði rekstrarársins að fjárhæð kr. 14.332 milljónir skal ráðstafað til hækkunar á eigin fé NBI hf.

Í samræmi við lið 4 í dagskrá aðalfundar

Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar:

Aðalfundur samþykkir starfskjarastefnu Landsbankans sem fram kemur í fylgiskjali sem lagt hefur verið fyrir fundinn.

Í samræmi við lið 5 í dagskrá aðalfundar

Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins:

Ályktun aðalfundar NBI hf. hinn 30. apríl 2010

Breytingar á samþykktum

Aðalfundur NBI hf. samþykkir að setja félaginu nýjar samþykktir sem verði dagsettar sama dag og aðalfundur er haldinn. Samþykktirnar leysa af hólmi núgildandi samþykktir sem falla þar með úr gildi í heild sinni. Nýjar samþykktir eru settar fram á sérstöku fylgiskjali sem liggur fyrir fundinum ásamt stuttri greinargerð. Bankastjóra NBI hf. er falið að tilkynna um nýjar samþykktir til Fyrirtækjaskrár.

Í samræmi við lið 6 í dagskrá aðalfundar

Tillaga um skipan bankaráðs fram til aðalfundar 2010:

Fyrir aðalfundi NBI hf. liggur tillaga um að eftirtaldir einstaklingar verðir kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð NBI hf. fram til næsta aðalfundar. Forfallist aðalmaður tekur varamaður sæti í þeirri röð sem nöfn varamanna birtast. Sú undantekning er frá þessari reglu að forfallist aðalmaður Landsbanka Íslands hf. tekur varamaður hans sæti og eingöngu fyrir þann aðalmann.

Fyrsti varamaður skal að jafnaði taka þátt í fundum bankaráðs.

Aðalmenn: Gunnar Helgi Hálfðánarson Guðríður Ólafsdóttir Sigríður Hrólfsdóttir Þórdís Ingaóttir Aðalmaður Landsbanka Íslands hf. Lárentsinus Kristjánsson	Varamenn: Andri Geir Arinbjarnarson Guðrún Ragnarsdóttir Loftur Árnason Jón Sigurðsson Varamaður Landsbanka Íslands hf. Einar Jónsson
---	---

Í samræmi við lið 7 í dagskrá aðalfundar

Tillaga um kosningu endurskoðanda:

Ályktun aðalfundar NBI hf. hinn 30. apríl 2010

Kosning endurskoðanda

Aðalfundur NBI hf. kýs Ríkisendurskoðun sem endurskoðendur félagsins fyrir fjárhagsárið 2010

Í samræmi við lið 8 í dagskrá aðalfundar

Tillaga um þóknun bankaráðsmanna:

Ályktun aðalfundar NBI hf. hinn 30. apríl 2010

Þóknun bankaráðsmanna

Þóknun hvers bankaráðsmanns fyrir tímabilið fram til næsta aðalfundar skal vera kr. 300.000,- á mánuði, greitt í samræmi við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skal vera kr. 500.000,- og þóknun varaformanns skal vera kr. 400.000,-. Þóknun til varamanna skal vera kr. 150.000,- fyrir hvern setinn fund. Þóknun til varamanna getur þó aldrei orðið hærrí en þóknun aðalmanna innan hvers mánaðar.